

# *merten*

VÖRUÚRVAL

ALLT SEM GÆÐIR HÚSIÐ GREIND OG GLÆSILEIKA





# HVERSU SNJALLT GETUR HÚS VERIÐ?



## MEIRA EN NOKKRU SINNI FYRR MEÐ HÚSKERFATÆKNI FRÁ MERTEN

Sá sem hyggur á að byggja eða endurnýja húsnæði vill fyrst og fremst eitt: Fá allar óskir sínar um þægindi, öryggi og glæsilegan arkitektúr undir sama þak. Og það að sjálfsögðu með eins litlum tilkostnaði og hægt er. Sama hvort um er að ræða einstakling eða fyrirtæki.

Fyrir eða síðar kemur að því að leggja þarf rafmagn, en í dag snýst slíkt ekki eingöngu um það hvar á að staðsetja ljós- og rafmagnstengla. Ótal nýjungar á sviði húskerfatækni bjóða upp á nýja og spennandi möguleika. Hvort sem um er að ræða sveigjanlegar þráðlausar lausnir við breytingar og endurnýjun á húsnæði, sjálfvirka stjórnun rimlaglugatjalda eða miðlæga stjórnunarmöguleika. Svo aðeins örfá dæmi séu nefnd.

Merten er frumkvöðull í þróun þessarar hugvitssamlegu tækni. Hinn mikli fjöldi hönnunarverðlauna sem Merten hefur hlotið bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi ber þess einnig vott að hugvitssamlegar vörur geta líka verið fyrir augað. Á næstu síðum færðu að sjá hvernig þessar vörur líta út. Geisladiskurinn á öftustu síðunni sýnir hvernig Merten eykur öryggi, þægindi, sveigjanleika og skilvirkni í leik og starfi. Hvaða spurningar sem upp kunna að koma, rafvirkinn þinn hjálpar með ráð og dáð.

Góða skemmtun við að fletta bæklingnum og skoða efni geisladisksins.



Designpreis der  
Bundesrepublik  
Deutschland  
2002 Anerkennung

## M-SMART GRUNNROFINN



Tímalaust og fágað útlit hans einkennist af skýrum línum. M-SMART getur því fallið að hvaða smekk á innréttingum sem er.



M-SMART



## M-ARC KRAFTMIKIL OG FÁGUÐ HÖNNUN



M-ARC

Með því að blanda saman vippum og römmum í mismunandi litum er hægt að gefa ávölu M-ARC rofunum sérstakan blæ.



# M-PLAN | M-STAR STÍLHREINIR ROFAR

## M-PLAN SKÝRAR OG EINFALDAR LÍNUR


M-PLAN er hafður eins einfaldur og hægt er með skýrum línum. Tilvalinn rofi fyrir þá sem vilja sameina látleysi og glæsileika.

## M-PLAN II ÞEGAR MINNA ER MEIRA

Í þessari línu fellur allt nema 3 mm af yfirborðinu inn í vegginn. Heildarmyndin er stílhrein og látlaus, í anda nútíma arkitektúrs.




M-PLAN



M-PLAN II





### **M-PLAN MEÐ GLERRAMMA GLÆSILEIKI<sup>2</sup>**

Tímalaus, glæsilegur og í hæsta gæðaflokki- hinn margverðlaunaði M-PLAN í útfærslu með glerramma.

### **M-STAR PRÝÐI Á HVADA VEGG SEM ER**

Vandaðir áframmar M-STAR í útfærslunum satínsilfur, króm og blankmessing gefa rýminu persónulegan blæ.



M-PLAN glerrammi



M-STAR



## ARTEC HEILLANDI SKÝRAR LÍNUR



Leiðandi í sínum flokki. ARTEC er nú þegar kominn í hóp klassískra rofa. Hönnunin er tímalaus, línurnar skýrar og útlitið slétt.



ARTEC, ryðfrítt stál



ARTEC, jökulhvítur

# ANTIK FÁGUNIN Í FYRIRRÚMI



⊕ Sígildur glæsileiki, efni í hæsta gæðaflokki og fjölbreytilegir notkunarmöguleikar einkenna ANTIK línuna. Fyrir alla þá sem leggja áherslu á fágað og íburðarmikið útlit.




ANTIK, antikmessing



## TRACENT GAGNSÆI Í FORMI OG VIRKNI



Nýjasta tækni og margverðlaunuð hönnun einkenna TRACENT, fyrsta glerrofa í heimi. Ekki þarf nema að snerta glerið lauslega til að deyfa, kveikja eða slökkva ljósið og stjórna rimlagluggatjöldunum. Hægt er að áletra TRACENT eftir þörfum og tengja hann við INSTABUS EIB húskerfið.



TRACENT

## ATELIER LIFANDI LÍNUR



Látlaus hönnun sem leynir á sér – það er ATELIER, rofinn með mjúku, ávölu línunum. Í þessari vinsælu rofalínu, sem fellur fullkomlega að hvaða innréttingu sem er, renna ramminn og ísetningin saman í eitt.



ATELIER



## M1 EINS BLÁTT ÁFRAM OG HANN ER FJÖLHÆFUR



M1 er eins blátt áfram og hann er fjölhæfur. Sígt form sem uppfyllir allar kröfur. Aðalsmerki M1 er hið vel heppnaða samspil á milli notagildis og látlausrar en jafnframt sérstakrar hönnunar. Þessi rofi leynir svo sannarlega á sér.



M1





## **OCTOCOLOR GEFUR TÓNINN**

Af hverju að einskorða sig við tiltekinn lit, þegar aðrir möguleikar standa til boða. Í sígildum hvítum lit í dag, í nýtskulegum koparsanseruðum lit á morgun? Með OCTOCOLOR er það leikur einn. Með þessari rofalínu gefur þú ekki aðeins tóninn. Þú getur líka skipt um hann fyrirhafnarlaust. Mikið úrval grunnlita fyrir ramma og vippur sem og spennandi litatónar fyrir hringinn eru í boði.



OCTOCOLOR, títan/króm





OCTOCOLOR, jökulhvítur/gull





## PLANTEC GLÆSILEGUR STJÓRN- OG BIRTINGARBÚNAÐUR

Fara verður sparlega með orku. Með nýja PLANTEC með innbyggða herbergishitastíllinum er orkusparnaður leikur einn. PLANTEC sameinar tvö tæki í eitt.

Annars vegar fjölnota rofi til að stjórna lýsingu og rimlagluggatjöldum, og hins vegar stýrieining sem stillir herbergishitann eftir þörfum með tímastillingu.



PLANTEC



## FJÖLNOTA ROFI MEÐ HERBERGISHITASTILLI SPARNADUR ÁN FYRIRHAFNAR

Slétti fjölnota rofinn frá Merten í hönnu-  
ninni SystemM er einnig fáanlegur með  
innbyggðum herbergishitastilli og í 2  
útfærslum: sem tvöfaldur eða fjórfaldur  
rofi.

Í stað tveggja mismunandi rofa, annars  
vegar til að stjórna kyndingu og hins  
vegar til að stjórna ljósi og rimlaglug-  
gatjöldum, þarf nú aðeins eina stýriei-  
ningu.

Að spara orku- og uppsetningarkostnað  
hefur aldrei verið eins einfalt og þægilegt.



Fjölnota rofi með herbergishitastilli

## MERTEN@HOME ALLTAF HEIMA, HVAR SEM ER



Merten gerir líf og starf þægilegra og einfaldara, líka þegar þú ert á ferð og flugi: Með nýja merten@home notendaviðmótinu til að stjórna öllum búnaði í húsinu. Það er auðvelt í notkun og gerir kleift að stjórna búnaði í heimilinu, sumarhúsinu eða fyrirtækinu á þægilegan hátt með lófátölvunni, snertiskjánum, borðtölvunni eða sjónvarpinu. Sama hvort þú ert heima hjá þér eða á ferðalagi. Með merten@home hefurðu stjórn á hlutumum, sama hvar þú ert í heiminum.

Notendaviðmótið er byggt upp á skýran og greinilegan hátt og býður upp á þrenns konar aðgengi að stjórnunarmöguleikum: miðað við rými, aðgerð eða forrit. Kosturinn við þetta er að hægt er að stjórna, stilla eða birta upplýsingar um allan búnað í húsinu með örfáum einföldum skrefum. Væri ekki gott ef lífið væri alltaf svona einfalt?

Á [www.merten.de](http://www.merten.de) er kynning sem sýnir hversu auðvelt er að nota merten@home.




Lófátölva



Væri það ekki gott:

- Að lokinni viðskiptaferð, að geta tengst netinu þráðlaust á flugvellinum til að stilla kyndinguna í gólfinu heima á þægilegt hitastig? Og það með lófatölvunni?
- Að geta notað TFT-snertiskjáinn við rúmið til að loka glugganum og slökkva á lampanum í stofunni?
- Í fríinu, að geta tyllt sér á netkaffihús og fullvissað sig um að allt sé í lagi á heimilinu með því að skoða upplýsingar frá öryggiskerfinu, tilkynningar og myndir úr eftirlitsmyndavélum?
- Að geta skoðað gögn, t.d. um rafmagnsnotkun, í sjónvarpinu?



## ARGUS REYKSKYNJARAKERFI



### FYRIRBYGGJANDI ELDVARNIR Í SPEGILSLÉTRI HÖNNUN

Í anda nútíma arkitektúrs er hægt að fella stílhreinan kassann inn í hvaða umhverfi sem er þannig að lítið beri á. Með þráðlausri 868 MHz tengingu. Veitir hámarksöryggi, þar sem að allir reykskynjararnir sem tengdir eru saman þráðlaust fara í gang samtímis og því er varað við því alls staðar í húsinu ef reykur myndast í herbergjum sem eru lengra í burtu.



## ARGUS HREYFI- OG VIÐVERUSKYNJARAR



### ARGUS HREYFISKYNJARAKERFI FYRIR ALHLIÐA ÖRYGGI

Öruggur eftirlitsbúnaður til notkunar utandyra. Háþróuð tækni með fjölbreytta notkunarmögu- leika. Með 70 til 360 gráðu skynjunarsviði og möguleika á þægilegri þráðlausri tengingu.



### ARGUS VIÐVERUSKYNJARAR SPARAÐU ORKU Á SNJALLAN HÁTT

Nútíma stjórnun bygginga er óhugsandi án þeirra: ARGUS viðveruskynjarar. Með þeim er hægt að lækka kostnað vegna rafmagns og hita um allt að 70%. Stjórna lýsingu, kyndingu, loftræstingu og eftirlitsbúnaði í herbergjum eftir þörfinni hverju sinni. ARGUS viðveruskynjarar koma í veg fyrir óþarfa orkunotkun á skrifstofum, í sölum og á göngum.



## **ÞRÁÐLAUST KERFI ÞRÁÐLAUS ÞÆGINDI**

Hraðvirkt, hreinlegt, hagkvæmt – með þessum þremur orðum eru taldir upp helstu kostir þráðlausa kerfisins frá Merten. Með þráðlausri lausn er hægt að bæta við rafmagnsbúnaði án teljandi fyrirhafnar – án þess að leggja þurfi lagnir eða brjóta upp vegg. Hvort sem er til að stjórna rimlagluggatjöldum eða mismunandi ljósastillingum, kveikja eða slökkva á öllum ljósum í einu eða tengja við ARGUS hreyfi- og reykskynjara. Með þráðlausa kerfinu frá Merten er hægt að gera allt þetta með











































því einu að styðja á hnapp. Sendar og móttakarar eru tengdir saman á 868 MHz truflanalausri tíðni og er auðvelt að taka þá í gagnið. Tilvalin lausn við breytingar eða endurnýjun á húsnæði. Á meðfylgjandi geisladiski frá Merten er að finna dæmi um notkunarmöguleika.






## VÖRUÚRVAL

# BENTU Á ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR

SYSTEM M					SYSTEM FLÄCHE	
M-SMART	M-ARC	M-PLAN / M-PLAN II	M-PLAN glerrammi	M-STAR	ARTEC	
						
						
						
						
						
						
						





SYSTEM FLÄCHE		SYSTEM BASIS	OCTOCOLOR	INSTABUS EIB		ARGUS	
ANTIK	TRACENT	ATELIER/M1	OCTOCOLOR	ROFAR	FJÖLNOTA ROFAR	HREYFI-SKYNJARAR	REYKSKYNJARAR



**INSTABUS EIB**

## LÁTTU HÚSIÐ HUGSA FYRIR ÞIG TIL TILBREYTINGAR



Að tylla sér á netkaffihús í fríinu og skoða upplýsingar frá öryggiskerfi, tilkynningar og myndir úr eftirlitsmyndavélum? Að slökkva á öllum ljósum og raftækjum í húsinu með því einu að styðja á hnapp áður en farið er út? Að láta sig falla í sófann fyrir framan sjónvarpið eftir erfiðan vinnudag og stilla ljósin alveg eins og maður vill hafa þau með því einu að styðja á hnapp? Að kveikja öllum ljósum í húsinu þegar maður heyrir þrusk að næturlagi með því einu að styðja á hnapp?

Aðeins örfáir af þeim ótal möguleikum sem Merten INSTABUS EIB húskerfataeknin býður upp á. Það sem áður fyrr kostaði mikla fyrirhöfn er nú leikur einn.

Viltu fá frekari upplýsingar? Stingdu þá geisladiskinum frá Merten í tölvuna og skoðaðu dæmi um notkunarmöguleika, ítarlega gátlista og nánari upplýsingar um hugvitssamlegu EIB-rofana okkar, og sjáðu hversu mikill sveigjanleiki, þægindi, öryggi og hagkvæmni fylgir því

að búa og starfa í snjöllu húsi. Og ef geisladiskurinn er ekki við höndina – allt þetta má einnig nálgast á netinu: [www.mymerten.com](http://www.mymerten.com).





**Er geisladiskurinn ekki á sínum stað?**

**Gerir ekkert til.**

**Allt þetta má einnig nálgast á netinu:**

**[www.mymerten.com](http://www.mymerten.com)**

LAUSNIR FYRIR SNJÖLL HÚS

***merten***

**Merten GmbH & Co. KG**

P.O. Box 100653

D-51606 Gummersbach, Germany

Phone +49 2261 702-203

Fax +49 2261 702-328

export@merten.de

**[www.merten.com](http://www.merten.com)**

491892/12.04/2,5.GR

